

Nr. 1230

20. desember 2018

## GJALDSKRÁ fyrir heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg.

### 1. gr. *Greiðslur.*

Notandi heimaþjónustu sem fær þjónustu vegna þrifa á heimili sínu greiðir kr. 1.235 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Gjaldið er endurskoðað árlega.

Önnur félagsleg heimaþjónustu, þ.e. umönnunarþjónustu á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónustu er endurgjaldslaus.

### 2. gr. *Undanþága frá greiðslu/lækkun greiðslu.*

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði TR eða þar undir. Árið 2018 er framfærsluviðmiðið kr. 300.000 fyrir þá sem búa einir og eru með heimilisuppbót og kr. 238.594 fyrir þá sem búa með öðrum.

Upphædir munu hækka í samræmi við hækkanir á bótum almannatrygginga.

Þeir notendur heimaþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Þjónusta umfram 6 vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

### 3. gr. *Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu.*

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu notenda heimaþjónustu er tekin af starfsmanni þjónustumiðstöðva og skal lögð fyrir fund matshóps til afgreiðslu.

### 4. gr. *Málskot.*

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til velferðaráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála Hafnarhúsins við Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

### 5. gr. *Gildistaka.*

Gjaldskráin er sett á grundvelli 29. gr.laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr.laga um málefni aldraðra nr.125/1999.

Samþykkt í borgarstjórn 6. nóvember 2018.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2019.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 20. desember 2018.*

**Dagur B. Eggertsson.**